


Ársskýrsla 2018



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Ársskýrsla 2018

Útgefandi: Ríkislögreglustjóri

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjórn: Thelma Cl. Þórðardóttir og Kristbjörg F. Hrólfsdóttir
Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

Forsíðumynd: HM í Rússlandi 2018


Útgefið í ágúst 2019

Embætti ríkislögreglustjóra	4
Starfsmenn ríkislögreglustjóra	4
Yfirlit yfir helstu verkefni ríkislögreglustjóra	6
Umsjón með ökutækjum lögreglunnar ökutækjum lögreglunnar	6
Starfsemi tölvudeildar	8
Starfsemi almannavarnadeildar	8
Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar	14
Starfsemi sérsveitar	16
Starfsemi alþjóðadeildar	17
Starfsemi stoðeildar	18
Starfsemi greiningardeildar	19
FATF	20
Kennslanefnd	20
Skjalastýring og móttaka	22
Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu	22
Rannsóknir og þróun	26
Starfsmenn lögreglu	28
Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna	28
Jafnréttismál lögreglunnar	28
Fjöldi skráðra atvika/óhappa/slysa starfsmanna lögreglu	29
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf	30

Embætti ríkislögreglustjóra

Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Í lok árs 2018 var fjöldi starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra 140, sjá mynd 1 hér að neðan. Árið áður voru þeir 133 og var fjölgunin því 5.26% milli ára 2017 og 2018.



Mynd 1. Fjöldi starfsmanna við embætti ríkislögreglustjóra eftir kyni 2018.

Af heildarstarfsmannfjölda árið 2018 voru 24 kvenkyns og 116 karlkyns starfsmenn, sjá mynd 1. Þegar starfsmannaveltan árið 2018 er skoðuð má sjá að heildarveltan var 3,7% og raunvelta 2,9%, sjá töflu 1. Fjöldi ársverka starfsmanna var 134.98 árið 2018 og hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna 12.181, sjá töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit yfir starfsmannafjölda, kynjahlutföll, tapaðar vinnustundir og starfsmannaveltu 2018.

Heildarfjöldi starfsmanna 31.12.2018:	140
Hlutfall kvenna meðal starfsmanna:	Af 140 starfsmönnum eru 24 konur, eða 17.1%
Hlutfall kvenna meðal lögreglumanna:	Af 106 lögreglumönnum eru 8 konur, eða 7.6%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna:	12.181
Heildarvelta:	3,7%
Raunvelta:	2,9%

Þegar litið er til kynjahlutfalla innan mismunandi starfsstiga lögreglumanna hjá ríkislögreglustjóra sést að hæst hlutfall kvenkyns lögreglumanna tilheyra starfsstigi lögreglufulltrúa eða 15%, sjá töflu 2.

Tafla 2. Kynjahlutföll meðal lögreglumanna eftir starfsstigum hjá ríkislögreglustjóra:

Starfsstig lögreglumanna	Konur	Karlar
Yfirlögregluþjónn	0%	100%
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	14%	86%
Aðalvarðstjóri	6%	94%
Lögreglufulltrúi	15%	85%
Varðstjóri	10%	90%
Lögreglumaður	0%	100%

Yfirlit yfir helstu verkefni ríkislögreglustjóra

Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra leggur lögreglunni til 130 ökutæki. Heildarakstur ársins var 3.624.980 km en það er um 5% aukning á akstri frá árinu 2017. Akstur og tjón á ökutækjum lögreglu skiptist með eftirfarandi hætti á lögregluembættin, sjá töflu 3.

Tafla 3. Tjónakostnaður og akstur ökutækja hjá lögregluembættum árið 2018, eknir kílómetrar.

Lögregluembætti	Ökutæki	Tjónakostn. kr	Akstur km	Kostn/km
Ríkislögreglustjóri	17	6,837,504	190.279 km	35,9 kr.
Lögr.stj á höfuðborgarsv.	48	15,485,113	1.055.879 km	14,7 kr.
Lögr.stj á Vesturlandi	9	372,357	335.784 km	1,1 kr.
Lögr.stj. á Vestfjörðum	7	Tjónalaus	187.355 km	0,0 kr.
Lögr.stj. á Norðurl. vestra	3	Tjónalaus	255.516 km	0,0 kr.
Lögr.stj á Norðurl. eystra	12	310,000	377.975 km	0,8 kr.
Lögr.stj. á Austurlandi	8	218,907	258.661 km	0,8 kr.
Lögr.stj á Suðurlandi	14	49,652	542.049 km	0,1 kr.
Lögr.stj. í Vestm.eyjum	2	Tjónalaus	57.265 km	0,0 kr
Lögr.stj. á Suðurnesjum	10	2,968,443	364.217 km	8,2 kr.
Alls	130	26.241.976 kr.	3.624.980 km	3,36 kr.

Ríkislögreglustjóri heldur skrá yfir tjón sem verða á ökutækjum og búnaði lögreglunnar. Tjónakostnaður er breytilegur á milli ára og ræðst það af eðli og stærð tjóna, sjá töflu 4.

Tafla 4. Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum frá 2014-2018.

	2014	2015	2016	2017	2018
Tjónstilvik alls	64	58	53	74	71
Fjárhæð tjóna í kr.	7.825.934	11.339.063	5.214.640	11.739.343	26.241.976

Flest tjón á ökutækjum lögreglunnar verða við hefðbundið löggæslueftirlit. Starfshópur ríkislögreglustjóra um eftirlit með ökutækjum lögreglu sendir lögreglustjórum viðkomandi umdæma upplýsingar um hraða og akstur ökutækja lögreglu þar sem tjón hafa orðið og óskar eftir upplýsingum um afgreiðslu lögreglustjóranna á þeim málum.

Ríkislögreglustjóri gerir í öllum tilvikum bótakröfur á tjónvald þegar skemmdarverk eru unnin á ökutækjum lögreglunnar. Nokkur slík tilvik voru á árinu. Af heildartjónakostnaði ársins voru innheimtar bótakröfur að upphæð 1.622.126 kr.

Ekki er getið hér um þau tjón er verða á bílaleigubílum sem lögregluembættin leigja.

Nýjar merkingar ökutækja lögreglu

Í byrjun árs tók ríkislögreglustjóri upp nýjar merkingar á ökutækjum lögreglu. Tekur hönnunin mið af því sem tíðkast víða í Evrópu en sérstök áhersla var lögð á að gera ökutækin eins sýnileg og mögulegt er án þess þó að hafa truflandi áhrif á aðra í umferðinni. Atli Þór Árnason og Hörður Lárusson hjá Kolofon hönnunarstofu hönnuðu merkingarnar. Sjá nýju merkingarnar á mynd 2.



Mynd 2. Nýjar merkingar á ökutækjum lögreglu.

Ný ökutæki lögreglu

Í lok marsmánaðar voru átta ökutæki af gerðinni Volvo V90 CC afhent lögregluembættum utan höfuðborgarsvæðisins. Komu þau sérútbúin til landsins frá Volvo Special Vehicles m.a. tilbúin með öllum ljósabúnaði og

rafkerfi. Þá er hemla- og fjöðrunarkefi ökutækjanna sérstyrkt. Jafnframt voru tvær Volkswagen Transporter 4x4 bifreiðar afhentar lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í mars mánuði.

Starfsemi tölvudeildar

Í tölvudeild ríkislögreglustjóra störfuðu á árinu átta manns, deildarstjóri, verkefnastjóri vegna Schengen-tölvukerfa, fjórir tæknimenn og tveir forritarar.

Tölvudeildin hefur umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði allra lögregluembættanna nema lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur hún einnig umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði útlendingastofnunar, embættis ríkissaksóknara og embættis héraðssaksóknara. Á neti lögreglunnar eru alls rúmlega 1.100 notendur á um það bil 60 starfstöðvum. Á árinu voru um 200 útstöðvar endurnýjaðar hjá lögregluembættunum og var það samkvæmt áætlun en stefna ríkislögreglustjóra er að vinnustöðvar starfsmanna séu endurnýjaðar á þriggja til fjögurra ára fresti. Öll þróun vegna lögreglukerfisins (LÖKE) er unnin af forriturum tölvudeildar sem og þróun smáforrits (*e.app*) til nota í spjaldtölvum. Önnur hugbúnaðarþróun vegna upplýsingakerfa lögreglu er aðkeypt. Tölvudeild ríkislögreglustjóra sinnir jafnframt notendabjónustu við lögregluna á landsvísu, útlendingastofnun, ríkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Schengen-upplýsingakerfin

Á vegum Schengen-samstarfsríkjanna stendur yfir undirbúningur að breytingum á núverandi upplýsingakerfum auk vinnu við skilgreiningu á högun og fyrirkomulagi nýrra kerfa sem tekin verða upp á næstu árum. Að auki tók tölvudeild ríkislögreglustjóra þátt í umfangsmikilli öryggisæfingu vegna SIS kerfisins (gagnagrunni Schengen samstarfsins) í nóvember en flestar þeirra þjóða sem eru aðilar að Schengen samstarfinu tóku þátt í æfingunni.

Starfsemi almannavarnadeildar

Öræfajökull

Óvissustigi almannavarna var lýst yfir vegna óróa í Öræfajökli þann 17. nóvember árið 2017 og var ástandið viðvarandi út árið. Veruleg jarðskjálftavirkni var í fjallinu og sýndu mælingar að það þandist út.

Fulltrúar almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra ásamt vísindamönnum frá Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun Háskólans og fulltrúum almannavarna á Suðurlandi sátu reglulega stöðufundi vegna hræringanna þar sem ástand og horfur voru metnar. Einnig var fundað með íbúum og ferðabjónustuaðilum í Öræfum vegna Öræfajökuls í lok október.

Skriðuföll og skyndiflóð

Almannavarnir sóttu málstofu um skriðuföll og skyndiflóð sem haldin var á vegum Ofanflóðadeildar Veðurstofu Íslands í október. Þar var farið yfir ógnir sem stafa af yfirstandandi loftlagsbreytingum og hnattrænni hlýnun m.a. með auknum líkum á skriðuföllum úr fjöllum og rýrnun jökla.

Svínafellsheiði

Í júní uppgötvuðu starfsmenn Loftmynda ehf. sprungu í Svínafellsheiði á Svínafellsjökli. Almannavarnir gerðu áætlun um ítarlegar rannsóknir á svæðinu sem og um vöktun þess. Rannsóknir á vettvangi um sumarið sýna að sprungan tengist minni sprungu sem fannst árið 2014. Bendir allt til þess að svæði, sem er um 1 ferkílómetri að flatarmáli og um 60 milljón rúmmetrar, sé þar á hreyfingu.

Í lok júní beindu almannavarnir þeim tilmælum til ferðapjónustufyrirtækja að fara ekki með ferðafólk í jöklagöngur á Svínafellsjökli og hvöttu ferðamenn til að hafa ekki langa viðdvöl við jökulinn. Tveir fundir voru haldnir með íbúum og ferðapjónustuaðilum í Örfum vegna þessa, í júlí og október. Mikið samstarf var á milli almannavarna, Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands, almannavarnanefndar Hornafjarðar, lögreglunnar á Suðurlandi og Vatnajökulspjóðgarðs vegna þessa máls. Almannavarnir í héraði vinna að gerð viðbragðs- og rýmingaráætlunar.

Skyndiflóð

Greining á skyndiflóðum víða um land sem unnin var á árinu, sýnir að í aðdraganda skyndiflóða var sólarhringsúrkoma á svæðunum allt að tífold miðað við venjulega sólarhringsúrkomu.

Framhlaup í Hítardal

Þann 7. júlí féll gríðarstór skriða úr Fagraskógarfjalli ofan í Hítardal. Skriðan rann yfir Hítará sem stíflaðist við það. Skriðan var 20-30 metra þykk þar sem hún var þykkust og jaðrarnir víða 5-10 metra háir. Skriðan var um 1,5 ferkílómetrar og talið er að hún hafi verið nærri 20 milljónir rúmmetra. Almannavarnir fylgdust grannt með, mátu aðstæður á vettvangi og funduðu með íbúum svæðisins ásamt öðrum viðbragðsaðilum og sérfræðingum.

Virkjun almannavarnakerfisins á árinu 2018

Á árinu var almannavarnakerfið virkjað 30 sinnum, sjá töflu 5. Óvissustigi var lýst yfir 19 sinnum, 13 sinnum vegna flugatvika, einu sinni í tíu daga vegna jarðskjálftahrinu á Norðausturlandi og fjórum sinnum vegna hættu á snjóflóðum. Hættustigi var lýst yfir einu sinni vegna flugvélar og einu sinni vegna snjóflóðahættu á Seyðisfirði og vegna Skaftárhlaups. Neyðarstigi var lýst yfir fimm sinnum, fjórum sinnum vegna flugatvika og einu sinni vegna rútuslyss.

Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi vegna jökulhlaups úr eystri Skaftárkatli í samstarfi við lögreglustjóran á Suðurlandi. Brúnni yfir Eldvatn var lokað auk

vega austan Eldgjár og við Hvamm í Skaftártungum. Tíu dögum síðar var óvissustiginu aflýst en hlaupið stóð í sex daga. Hlaupið var það rúmmálsmeista frá því mælingar hófust.

Samhæfingarstöð almannavarna var virkjuð vegna fimm æfinga á árinu. Fjórum sinnum vegna flugslysæfinga sem voru haldnar á Bíldudalsflugvelli, Húsavíkflugvelli, Vopnafjarðarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli. Þá var Samhæfingarstöðin virkjuð vegna hópslysæfingar á Reykjanesbraut.

Tafla 5. Földi tilvika þar sem almannavarnakerfið var virkjað árinu.

Ástæða virkjunar	Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Æfing
Flug	13	1	4	4
Sjór				
Veður				
Umferðarslys (hópslys)			1	1
Eldgos/jarðhræringar	1			
Snjóflóð	4	1		
Annað	1			

Tvö námskeið voru haldin á árinu fyrir nýliða í áhöfn samhæfingarstöðvar almannavarna. Fyrri námskeiðið var haldið 20.-22. mars og það síðara 10.-12. apríl. Alls tóku 38 manns þátt í námskeiðunum. Sú nýlunda var tekin upp að bjóða þeim sem starfa í aðgerðastjórnun um allt land að taka þátt í námskeiðunum. Tíu þátttakendur á nýliðanámskeiðunum komu úr þeim hópi.

Í janúar héldu almannavarnir fund í samhæfingarstöð. Þar var starfsfólki sóttvarnalæknis kynnt hlutverk heilbrigðisstarfsmanna í samhæfingarstöð í almannavarnaaðgerðum.

Viðbragðsáætlanir

Fjöldi nýrra viðbragðsáætlana voru gefnar út á árinu og aðrar uppfærðar. Sjá töflu 6.

Tafla 6. Yfirlit yfir vinnu við viðbragðsáætlanir og æfingar árið 2018.

Yfirlit yfir vinnu við viðbragðsáætlanir og æfingar árið 2018		
Landshluti	Verkefni	Staða
Austurland	Sameining hópslysaáætlana í umdæminu	Í vinnslu
	Hópslysaæfing í Norðfirði	Lokið
	Flugslysaáætlun Egilsstöðum	Lokið
	Flugslysaæfing Egilsstöðum	Lokið
	Flugslysaáætlun Vopnafirði	Lokið
	Flugslysaæfing Vopnafirði	Lokið
Norðurland eystra	Flugslysaáætlun Húsavík	Lokið
	Flugslysaæfing á Húsavík	Lokið
	Jarðskjálftaáætlun Eyjafjörður	Lokið
Suðurland	Viðbragðsáætlun vegna Örfajökuls	Í vinnslu
	Rýmingaráætlun vegna Örfajökuls	Í vinnslu
	Neyðarrýmingaráætlun vegna Örfajökuls	Lokið
Höfuðborgarsvæðið	Hópslysaáætlun höfuðborgarsvæði	Í vinnslu
	Hvalfjarðargöng, uppfærsla	Í vinnslu
	Rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið	Í vinnslu
Vesturland	Hópslysaáætlun	Lokið
	Gróðureldar Skorradal, uppfærsla	Lokið
Vestfirðir	Flugslysaáætlun Bíldudal	Lokið
	Flugslysaæfing Bíldudal	Lokið
	Flugslysaáætlun Ísafirði	Lokið
	Flugslysaæfing Ísafirði	Lokið
Allt landið	RST æfingar	Lokið
	SST námskeið	Lokið
	AECO vinnustofa smáskemmtiskip á norðurslóðum	Lokið
	CBRN viðbragðsáætlun	Í vinnslu

Erlent samstarf

EES samningurinn gerir almannavörnum á Íslandi kleift að taka þátt í almannavarnasamstarfi Evrópu, Union Civil Protection Mechanism. Í gegnum það samstarf geta viðbragðsaðilar almannavarna sótt þjálfun, æfingar, vinnufundi og ýmsa fræðslu um almannavarnir. Einnig er boðið upp á fjölda námskeiða sem ætlað er að undirbúa þátttakendur til starfa á hamfarsvæðum. Almannavarnadeild heldur eitt slíkt námskeið en þau eru einnig haldin í Þýskalandi, á Ítalíu og/eða á Írlandi.

Fræðsluferð fulltrúa almannavarna á Suðurlandi til Ítalíu

Farin var ferð til Ítalíu þar sem almannavarnir landsins kynntu viðbrögð við vá af völdum jarðskjálfta og eldgosa og hvernig vöktun á þessari vá er háttað. Ferðin féll undir áætlun Evrópusambandsins „Exchange of Experts in Civil Protection“ sem greiddi fyrir ferðina. Ellefu manns tóku þátt í ferðinni, einn frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, fjórir frá sveitarstjórnunum, þrír frá lögreglu, einn fulltrúi slökkviliða, einn frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og einn frá Rauða krossinum á Suðurlandi.

Aðgerða- og vaktstöð almannavarna Ítalíu var heimsótt. Bærinn Amatrice og nokkrir nágrannabæir sem urðu illa úti í jarðskjálftum 2016 voru heimsóttir. Þá var farið til Napólí og í útibú Jarðvísindastofnunar Ítalíu (INGV) sem vaktar eldfjöllin Vesúvíus, Campi Flegrei og Stromboli. Askja Campi Flegrei var skoðuð sem og toppgígur Vesúvíusar. Elsta eldfjallarannsóknarstöð heims sem er staðsett í hlíðum eldfjallsins var heimsótt og afleiðingar eldgossins í Vesúvíusi árið 79 e.Kr. skoðaðar.

Ráðstefna á vegum Evrópusambandsins

Fulltrúi almannavarnadeildar fór á ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins, Community of users on secure, safe and resilient societies, um rannsóknir og önnur verkefni eða áætlanir sem miða að því að auka öryggi og áfallaþol almennings og samfélagsins alls. Fulltrúinn fór á ráðstefnuna í boði Evrópusambandsins og flutti þar erindi um ávinning samfélagsins af rannsóknarverkefninu FUTUREVOLC sem Jarðvísindastofnun Háskólans leiddi. Alls tóku 26 stofnanir og fyrirtæki í níu löndum þátt í verkefninu.

NORDRED

Almannavarnadeild tekur þátt í norrænu samstarfi, NORDRED, sem byggir á norrænum björgunarsamningi Norðurlandanna og er fundað í vinnuhópnum tvisvar á ári. Um miðjan maí var haldinn fundur í Reykjavík í stýrihópi NORDRED samningsins. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Håndtering af komplicerede hændelser“ eða „Viðbrögð við flóknum atburðum“. Fulltrúi almannavarnadeildar hélt erindi á ráðstefnunni með heitinu: „Emergency Management in a Sparsely Populated Environment“ sem fjallaði um aðstæður og verkefni almannavarna í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi. Á ráðstefnunni tók Hjálmar Björgvinsson deildarstjóri almannavarnadeildar við formennsku í NORDRED samstarfinu, af Dönum, fyrir hönd Íslendinga sem munu leiða samstarfið næstu þrjú ár. Um NORDRED samninginn og efni tengt samstarfinu má lesa á vefsíðunni www.nordred.org.

NEFRA

Í september hélt Northern European Forum for Risk Assessment (NEFRA) árlega málstofu í Helsinki. Í framhaldi af málstofunni var haldinn fundur í nefnd á vegum almannavarnastofnanna Norðurlandanna þar sem fjallað var um áhættugreiningu vegna atburða sem ná yfir landamæri.

Fundur yfirmanna í almannavörnum á Norðurlöndunum

Árlegur fundur yfirmanna almannavarna á Norðurlöndunum var sóttur í október í Stokkhólmi. Fyrir fundinn var haldin fjölmenn málstofa „Nordiskt seminarium om samhällsskydd och beredskap“ þar sem fulltrúar allra Norðurlandanna tóku þátt og var fjallað um helstu áskoranir í almannavörnum á Norðurlöndunum.

Þátttaka í rannsóknarverkefnum

Á árinu var unnið að nokkrum umsóknum um ný rannsóknarverkefni bæði til Rannís og Evrópusambandsins auk þess sem eldri rannsóknaverkefni eru yfirstandandi.

Áfram var unnið að verkefnum tengdum almannavörnum í NORDRESS verkefninu (Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security). Á árinu voru birtar greinar um rannsóknir á áhrifum eldgosa á heilsu og mikilvægi upplýsingagjafar í hamförum.

USCORE2 rannsóknarverkefninu lauk á árinu en fulltrúi almannavarnadeildar var ráðgjafi í verkefninu en verkefnið byggir á samstarfi og rýni sveitarfélaga í Portúgal, á Bretlandi og á Ítalíu á áhættuminnkandi aðgerðir.

ChEESE rannsóknarverkefni í Horizon 2020 rannsóknaráætluninni þar sem almannavarnir tengjast hermum í jarðvísindum.

Heildarhættumat vegna eldgosa á Íslandi

Á árinu hófst þriðji áfangi verkefnisins GOSVÁ og nær hann yfir fimm ára tímabil. Verkefnið snýst um að meta hættu sem stafar af eldgosum á Íslandi. Helstu þættir sem eru skoðaðir eru hraunrennsli, jökulhlaup af völdum eldgosa, öskufall af völdum eldgosa og gasmengun af völdum eldgosa. Á næstu fimm árum verða Reykjanesskagi, Vestmannaeyjar, Örfajökull og eldstöðvar í norðvestanverðum Vatnajökli í brennidepli.

Alls verða um 30 verkefni unnin á þessu fimm ára tímabili. Verkefnin eru að mestu fjármögnuð af Ofanflóðasjóði. Veðurstofa Íslands hefur umsjón með verkefninu en auk almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra koma Jarðvísindastofnun Háskólans, Landgræðsla ríkisins og Vegagerðin einnig að verkinu og eiga þessar stofnanir allar fulltrúa í verkefnisstjórn.

Orðabanki

Á árinu vann verkefnahópur að skilgreiningum á hugtökum almannavarna í áhættustjórnun. Mikilvægt er að samstarfsaðilar almannavarna hafi sameiginlegan skilning á hugtökum sem notuð eru í samstarfinu. Í stefnu stjórnvalda 2015 – 2017 var ákveðið að unnin yrði íslensk hugtakaskrá sem byggði á hugtakaskrá Sameinuðu þjóðanna undir forystu ríkislögreglustjóra og er sú vinna langt komin.

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hefur umsjón með verkefninu og hefur fulltrúa í vinnuhópnum ásamt Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands, Landhelgisgæslunni, Verkfræðistofunni Verkís og Slökkviliði höfuðborgar-svæðisins.

Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar

Markmið fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra (FMR) er að veita bestu þjónustu sem völ er á og tryggja eins stuttan viðbragðstíma og hægt er. FMR ber að gæta samræmingar í verkefnum og stuðla að samvinnu á milli umdæma lögreglu þegar þörf er á.

Breytt var um vaktkerfi í apríl. Farið var í valfrjálst kerfi þar sem starfsmenn geta valið og haft áhrif á vinnutíma sinn og frítíma. Kerfið býður upp á átta tíma vaktir í miðri viku en 12 tíma vaktir um helgar. Til þess að kerfið gangi upp var fjölgað um þrjá starfsmenn hjá FMR. Var það gert til að létta álagið á starfseminni og jafna vinnuálagið á milli starfsmanna. Almenn ánægja er á meðal starfsmanna með þessa breytingu og hefur komið fram ósk frá þeim um að starfsmönnum verði fjölgað enn frekar þannig að í framtíðinni verði eingöngu átta tíma vaktir hjá FMR.


Allur tölvubúnaður stjórnstöðvar ríkislögreglustjóra vegna sérstakra lögregluaðgerða (RST) var endurnýjaður á árinu en stjórnstöðin er staðsett í fjarskiptamiðstöð. Einnig voru tölvur við alla skjáveggi endurnýjaðar bæði á svæði FMR og stjórnstöð ríkislögreglustjóra vegna RST. Umfangsmikil

uppfærsla var á símaviðmóttinu þannig að starfsmenn FMR eiga nú auðveldara með að bóka verkefni jafnóðum í verkefnalistann og flytja yfir í lögreglukerfið (LÖKE). Á árinu var bæði unnið að stækkun og endurnýjun á löggæslumyndavélum í miðborginni. Settar voru upp vélar með bættri næturvirkni.


Líkt og undanfarin ár skapast mikið símaálag vegna samskipta við erlenda ferðamenn sem lenda í vandræðum víðs vegar um landið. Sú breyting varð að Neyðarlínan afgreiðir nú hluta slíkra mála í samvinnu við FMR.

Vinna tengd vöktun á samfélagsmiðlum heldur áfram að aukast en fleiri eru farnir að nýta sér þá leið til að ná sambandi við lögreglu.

Þrír starfsmenn FMR eru í samningahópi ríkislögreglustjóra og sóttu þeir námskeið og æfingar í tengslum við það á árinu.




Mynd 3. Fjöldi símtala sem fjarskiptamiðstöð svaraði.



Mynd 4. Fjöldi og lengd símtala fjarskiptamiðstöðvar.

Starfsemi sérsveitar


Alls voru skráð 416 sérsveitarverkefni á árinu og báru sérsveitarmenn skotvopn í 230 tilfellum. Þá veitti sérsveit tilteknum embættum og stofnunum kennslu og þjálfun samtals 105 sinnum á árinu.



Mynd 5. Fjöldi verkefna sérsveitar eftir verkefnaflokkum árið 2018. Sum verkefni falla í fleiri en einn flokk, allt eftir eðli og umfangi þeirra. (Kennsla er ekki hluti af verkefnafjöldanum 416).

Almenn löggæsluverkefni

Samtals voru skráð 2.991 almenn lögregluverkefni sem sérsveit vann á árinu til viðbótar við sértæk verkefni. Sjá skiptingu eftir verkefna- og brotaflokkum á mynd 6.



Mynd 6. Fjöldi löggæsluverkefna sérsveitar árið 2018.

Starfsemi alþjóðadeildar

Áfram var unnið að því að efla kjarnastarfsemi alþjóðadeildar á árinu, bæði með eigin umbótastarfi og eftirfylgni vegna innri og ytri úttekta sem fóru fram árið 2017 og 2018. Sérstök áhersla var lögð á að íslensk lögregluvirkni og að samstarfsaðilar nýti sem best þau úrræði og þjónustu sem alþjóðadeild og erlent lögreglusamstarf hafa fram að færa. Helstu samstarfsvettvangar almennrar löggæslu og rannsókna mála eru Europol samstarfið, Schengen-samstarfið, Interpol og Norrænt lögreglusamstarf (*Politi og Toll i Norden – PTN*).

Alþjóðawiki er gagnvirkur upplýsingabrunnur fyrir alla lögreglumenn og samstarfsaðila um starfsemi alþjóðadeildar og erlent lögreglusamstarf. Áfram var unnið að framþróun Alþjóðawiki, meðal annars með það að markmiði að vefsvæðið gagnist við afgreiðslu verkefna úti á vettvangi.

Samhliða breyttu verklagi alþjóðadeildar við skráningu lögregluverkefna í lögreglakerfið (LÖKE) var tekið í notkun sérstakt verkbeiðnakerfi sem einfaldar samskipti lögreglumanna við alþjóðadeild og veitir betri yfirsýn yfir stöðu og afgreiðslu verkefna.

Alþjóðadeild hélt alls níu kynningar fyrir lögreglu og samstarfsaðila og fjögur námskeið/kennslu fyrir eigin starfsmenn og samstarfsaðila. Starfsmenn sóttu 13 námskeið og æfingar innanlands, fjögur námskeið erlendis auk fjölda vefnámskeiða. Alls voru sóttir 14 fundir/ráðstefnur erlendis.

Aukin þörf fyrir alþjóðlegt lögreglusamstarf

Sífelld meiri ógn stafar af skipulagðri brotastarfsemi þvert yfir landamæri. Ísland er þar ekki undanskilið en merkja má fjölgun mála þar sem íslenskir ríkisborgarar gerast brotlegir erlendis, erlendir brotamenn stunda brotastarfsemi á Íslandi eða samstarf er þar á milli. Af þessu leiðir að mikilvægt er efla samstarf og upplýsingaskipti á milli lögreglu og annarra löggæslustofnana, bæði innanlands og á milli landa. Samtímis þurfa löndin að auka notkun og framlag til sameiginlegra upplýsinga- og gagngrunna. Ekkert land er líklegt til að ná góðum árangri gegn skipulagðri brotastarfsemi sem eyland og samstarfið verður aldrei sterkara en veikasti hlekkurinn. Brýnt er að Ísland uppfylli þær væntingar og kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegri lögreglusamvinnu.

Önnur verkefni

Sem fyrr annast alþjóðadeild margvísleg önnur verkefni, sbr. uppflettingar á áhöfnum og farþegum allra skipa er koma á ytri landamæri, samstarf vegna innlendra og erlendra knattspyrnuleikja (NFIP-samstarfið), tengiliður Nordic ENFAST samstarfsins auk annarra samstarfs- og vinnuhópa. Árlega fer talsvert vinnuframlag í samráð, framþróun og eftirlit tengt rekstri sérhæfðra samskiptakerfa og gagnagrunna sem deildin vinnur með.

Á árinu veitti alþjóðadeild meiri stuðning en áður við verkefni og viðburði annarra starfseininga og samstarfsaðila, mörgum verkefnum er kröfðust

talsverðrar fjarveru starfsmanna frá daglegum störfum. Meðal annars fóru starfsmenn alþjóðadeildar fyrir aðkomu íslenskra lögregluyfirvalda á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu, í Rússlandi, áttu aðild að rannsóknarteymum og unnu að framþróun nýrra starfssviða. Alls kom deildin að framkvæmd fjórtán lögreglufylgda og framkvæmd tuttugu og fjögurra annars konar verkefna eða viðburða annarra starfseininga.

Síðustu ár hefur deildin unnið að því að gera lögreglumenn, löggæslueiningar og samstarfsaðila sem mest sjálfbæra með aðgang að erlendum samskiptakerfum og gagnagrunnum. Á árinu var metfjöldi íslenskra skráninga (utan skilríkja) og uppflettinga í SIS II, gagnagrunni Schengen samstarfsins, og auk þess sem „staðfestir smellir“¹ hafa aldrei verið fleiri. Þá fer íslenskum uppflettingum, skráningum og staðfestum smellum fjölgandi í gagnagrunnum Interpol.

Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn tók við stöðu tengslafulltrúa Íslands hjá Europol á árinu. Í samvinnu við hann var áfram lögð sérstök áhersla á að kynna starfsemi, þjónustu og úrræði Europol samstarfsins. Fleiri lögreglumenn og lögregluembætti en áður hafa nú beinan aðgang að SIENA, lokuðu samskiptakerfi Europol, auk þess sem þátttaka Íslands í Analysis Project hópum og EMPACT (*e. European multidisciplinary platform against criminal threats*) hefur aukist frá árinu 2017. Jafnframt fór fram sérstök kynning fyrir íslensk lögreglu- og tollayfirvöld á störfum og starfsemi tengslafulltrúa Norðurlandanna sem staðsettir eru víðsvegar um heiminn.

Þótt uppflettingum, skráningum og staðfestum smellum hafi fjölgað er ljóst að margt má bæta. Sérstaklega ef horft er til núverandi stöðu lögreglu og þeirra verkefna sem framundan eru tengt alþjóðlegu samstarfi á sviði löggæslu- og öryggismála. Verulegt átak þarf að gera í að efla sjálfvirkni og samþættingu íslenskra samskiptakerfa og gagnagrunna við grunna erlendra samstarfsaðila. Það er lykilatriði ef hámarka á nýtingu þeirrar þjónustu og þau úrræði sem alþjóðlegt lögreglusamstarf og erlendir gagnagrunnar bjóða uppá og yrði framfaraskref í rannsókn og afgreiðslu innlendra mála.

Starfsemi stoðdeildar

Starfssemi stoðdeildar á árinu var með venjubundnum hætti þar sem grunnstarfsemi var framkvæmd fylgda úr landi samkvæmt ákvörðunum Útlendingastofnunar. Stór hluti af þeim fylgdum sem framkvæmdar voru á árinu voru í samstarfi við Frontex, þ.e.a.s. þegar ríkisborgarar utan Schengen-samstarfsins þurfa að fara til heimalands.

¹ „Staðfestur smellur“ – þegar staðfest samsvörun er milli upplýsinga sem leitað er eftir og þeirra sem eru skráðar í gagnagrunn.

Fylgdir

Alls vann stoðdeildin í 243 málum þar sem 405 einstaklingar áttu í hlut. Þar af voru framkvæmdar 173 fylgdir með 304 einstaklinga. Afturkölluð mál voru 57 þar sem 84 einstaklingar áttu í hlut en einnig sá stoðdeildin um móttöku á 17 einstaklingum sem voru sendir til Íslands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar frá öðrum ríkjum Evrópu.

Nýtt fyrirkomulag hófst hjá Frontex á árinu þar sem boðið er uppá bókunarkerfi hjá þeim þar sem aðildarþjóðir geta bókað sæti með áætlunarflugi alla leið frá upphafslandi til áfangastaðar. Allur kostnaður við flugfarmiða er greiddur beint af Frontex en annar kostnaður, s.s. dagpeningar og kostnaður vegna annarra fylgdarmanna en lögreglu er endurgreiddur eftir heimkomu. Stoðdeildin fékk aðgang að þessu kerfi á seinni hluta árs og frá nóvember til áramóta voru framkvæmdar tólf slíkar fylgdir með tuttugu einstaklinga.

Aðrar ferðir með Frontex, á árinu, voru níu ferðir með 92 einstaklinga. Þar var um að ræða samstarsferðir aðildarþjóða Frontex þar sem leiguvélar eru notaðar og allur kostnaður sem af þeim hlýst, nema laun lögreglumanna, endurgreiddur af Frontex eftir heimkomu.

Fundir og námskeið

Starfsmenn stoðeildar fóru erlendis á 18 fundi og námskeið á árinu. Langstærsti hluti þeirra funda og námskeiða er haldið af Frontex. Þar af sótti einn lögreglumaður stoðeildar þjálfun hjá Frontex sem leiðbeinandi í fylgdum samkvæmt reglum þeirra og hefur tekið þátt í námskeiðum Frontex sem leiðbeinandi.

Stoðdeildin hélt tvö námskeið fyrir um 50 lögreglumenn á Íslandi í fylgdum úr landi þar sem tekin eru fyrir lög og reglur sem unnið er eftir sem og verkleg þjálfun í framkvæmdum á fylgdum.

Starfsemi greiningardeildar

Á árinu sinntu starfsmenn greiningardeildar ríkislögreglustjóra fjölmörgum verkefnum sem tengdust formennsku á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu. Um sumarið hélt Evrópskur starfshópur lögreglu gegn hryðjuverkaógn (*e. Police Working Group on Terrorism*) fjölmenna ráðstefnu í Reykjavík og sá greiningardeild um alla skipulagningu hennar og fundarstjórn. Á vettvangi norrænnar samvinnu sinnti greiningardeild formennsku í fjórum hópum á sviði lögreglu- og öryggismála og annaðist fundarhöld hér á landi.

Greiningardeild vann skýrslu að beiðni þjóðaröryggisráðs um hernaðarógn á Norðurlöndum með sérstöku tilliti til íslenskra öryggis- og varnarmála. Á sviði stefnumiðaðrar greiningar fór fram vinna vegna skýrslugerðar m.a. um skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverkaógn, netglæpi fjölþáttaógnir (*e. Hybrid Threats*) og önnur öryggismál ríkisins. Skýrslur þessar eru um leið framlag greiningardeildar til skýrslu sem þjóðaröryggisráð mun vinna á árinu

2019.

Greiningardeild vann að vanda skýrslur um margvíslega þætti íslenskra öryggismála m.a. öryggi á fjöldasamkomum, íþróttakappleikjum o.fl. Deildin annaðist einnig áhættugreiningar vegna loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO), greiningar tengdar verkefnum sársveitar ríkislögreglustjóra auk fjölda áhættugreininga vegna komu erlendra ráðamanna og þjóðhöfðingja.

Greiningardeild skrifaði á árinu skýrslur um íslenska löggæslu og öryggismál á erlendum tungumálum en slíkt er hluti af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og er árlegt. Greiningardeild annaðist einnig öryggisathuganir og útgáfu öryggisvottana eins og fyrri ár.

Á árinu sóttu starfsmenn greiningardeildar ríkislögreglustjóra fundi og ráðstefnur hér á landi sem og erlendis þar sem m.a. var fjallað um skipulagða glæpastarfsemi og öryggismál, þ. á. m. varnir gegn hryðjuverkum. Starfsmenn önnuðust einnig kynningar af ýmsum toga tengdum öryggismálum á Íslandi.

Á árinu voru verkefni greiningardeildar samtals 1.296 en voru 1.372 árið 2017 (sjá töflu 7).

Tafla 7. Fjöldi verkefna greiningardeildar eftir tegund verkefna.

Verkefni	2018	2017	2016	2015
Bakgrunnsathuganir vegna siglingaverndar	0	0	36	0
Öryggisvottanir vegna NATO og ESB - samstarfsins	272	263	246	205
Önnur tilfallandi mál	997	1109	930	621
Samtals	1.296	1.372	1.212	826

FATF

Í febrúar fór fram Allsherjafundur FATF, alþjóðlegs framkvæmdahóps um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverk. Fundurinn var haldinn í Frakklandi sem fulltrúi sótti og voru þar m.a. til umræðu skýrsludrög vegna úttektar FATF sem fram fór á Íslandi árið 2017. Skýrsla með niðurstöðum hennar var birt í byrjun apríl sama ár og er hún aðgengileg hér: www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/reports/mer4/MER-Iceland.pdf

Kennslanefnd

Á árinu 2014 tók ríkislögreglustjóri þá ákvörðun að efla nefndina m.a. vegna stórauðs ferðamannastraums til landsins með aukinni hættu á að bera þurfi kennsl á fleiri einstaklinga en fyrr, bæði ef einstaklingar farast eða hópslys verða. Á árinu var haldið áfram að efla starf nefndarinnar.

Ráðstefna hjá Interpol

Í maí var haldin árleg alþjóðleg ráðstefna fyrir kennslanefndir; INTERPOL Disaster Victim Identification Conference í höfuðstöðvum Interpol í Lyon í Frakklandi. Fyrir hönd kennslanefndar, sóttu formaðurinn, tveir lögreglumenn og tveir tannlæknar ráðstefnuna.

Ráðstefnur þessar sækja lögreglumenn, tæknimenn lögreglu, réttartannlæknar, réttarmeinafræðingar, mannfræðingar, DNA sérfræðingar og gagnagrunssérfræðingar (*e. Plass Data*).

Interpol gefur út leiðbeiningar og stöðluð eyðublöð sem kennslanefndir víðs vegar um heiminn nýta sér. Þannig stendur Interpol að samræmingu vinnubragða kennslanefnda á alþjóðavísu.

Á ráðstefnunni voru kynntar nýjungar við greiningu og rannsóknir þegar bera skal kennsl á látna einstaklinga. Kynnt voru mál um nýlega atburði s.s. hryðjuverkaárásir, stórbruna og sjóslys þar sem kennslanefndir komu að rannsókn þeirra.

Greint var frá utanumhaldi lífssýnaupplýsinga fólks sem er saknað og kynntar ýmsar aðferðir við fingarafaratöku látinna einstaklinga. Á ráðstefnunni var boðið upp á sérkynningar fyrir faghópa s.s. lögreglumenn, tæknimenn, réttarmeinafræðinga, mannfræðinga, DNA sérfræðinga og tannlækna. Nú var í fyrsta sinn fulltrúum réttarvörslukerfisins boðið og verða þeir framvegis hluti af þátttakendum þessarar árlegu ráðstefnu.

Samvinna við norsku kennslanefndina

Formaður norsku kennslanefndarinnar hjá KRIPOS, sótti Ísland heim í júlí. Tilefnið var að undirbúa námskeið sem kennslanefnd ríkislögreglustjóra og fleiri sóttu hér á landi í október.

Norðmenn hafa átt mjög gott samstaf við Ísland varðandi kennslanefndarstörf, en á síðasta ári var endurnýjaður samstarfssamningur ríkislögreglustjóra og KRIPOS í Noregi um aðstoð í stærri slysum á Íslandi, þjálfun og menntun.

Námskeið um störf kennslanefndar

Í október var haldið hér á landi tveggja daga námskeið og skrifborðsæfing í kennslanefndarfræðum. Sérfræðingar í kennslanefndarstörfum frá öllum Norðurlöndunum önnuðust kennslu á námskeiðinu með aðkomu sérfræðinga frá Interpol. Námskeiðið sóttu nefndarmenn í kennslanefnd, lögreglumenn frá Höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi sem og fulltrúar frá Rauða Krossi Íslands.

Á sama tíma fór fram hér á landi reglulegur fundur vinnuhóps sérfræðinga hjá Interpol um kennslanefndarstörf (*e. Interpol Working Group on DVI*) en Norðmenn tóku nýverið við formennsku á þeim vettvangi. Sérfræðingar sem sátu fundinn tóku jafnframt þátt í að leiðbeina á námskeiðinu.

Mál hjá kennslanefnd árið 2018


Fjögur mál komu til kasta Kennslanefndar á árinu. Tvö mál voru afgreidd af nefndinni sjálfri og kennsl staðfest með samaburði DNA sýna.

Þriðja málið var aðstoð við yfirvöld í Nepal eftir að líkamsleifar tveggja manna sem fórust í Himalajafjöllum 1988, fundust haustið 2018. Persónulegar upplýsingar um mennina voru sendar yfirvöldum í Nepal.

Fjórdða málið var rannsókn á beinum sem fundust á Kjalarnesi 2018. Beinir reyndust vera frá 16. öld. Beinir voru afhent Minjastofnun til varðveislu.

Skjalastýring og móttaka

Árið 2018 fellur undir núverandi skjalatímabil ríkislögreglustjóra sem er frá 2015 til og með 2019. Heildarfjöldi skráðra mála í skjalavörslukerfinu GoPro, sem af er tímabilinu má sjá á mynd 7.



Mynd 7. Heildarfjöldi skráðra mála í GoPro eftir árum.

Í nóvember var gerð sú breyting að alþjóðadeild og stoðdeild ríkislögreglustjóra skrá öll lögregluverkefni í lögreglukerfið (LÖKE) sem fram til þessa voru skráð og vistuð í skjalavörslukerfi embættis ríkislögreglustjóra (GoPro). Sú breyting kemur til með að hafa áhrif á fjölda skráðra mála í GoPro á komandi ári.

Áhersla var lögð á að ganga frá og pakka eldri málum embættisins í skjalageymslu en skjölín frá árunum 1997-2014 eru öll á pappírformi.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu

Á árinu voru tveir árgangar lögreglufræðanema við Háskólann á Akureyri í starfsnámi hjá MSL auk þess sem fjöldi lengri og skemmri námskeiða og ráðstefna var haldinn.

Starfsnám lögreglufræðinema er 18 ECTS einingar og dreifist yfir þrjár annir. Fyrstu tvær annirnar fer starfsnámið alfarið fram hjá MSL en á síðustu önn námsins fara nemendur til lögregluembættanna í starfsþjálfun. Hjá MSL fá nemendur þjálfun í hagnýtri úrlausn lögregluverkefna, s.s. handtökuaðferðir, skýrslugerð, skráningum í lögreglukerfið (LÖKE) og akstri með forgangi. Alls

voru 97 nemendur í starfsnámi, ýmist hjá MSL eða einhverju af lögreglu-embættum landsins.


Alls sóttu 131 nemandi um starfsnám, 65 karlar og 66 konur, sem hófst í janúar 2018. Af þeim 96 sem þreyttu þrekpróf voru 79 sem stóðust eða 40 karlar og 39 konur. Þá voru 69 umsækjendur sem uppfylltu skilyrði starfsnáms eða 34 karlar og 35 konur. Inntökuferlinu lauk í janúar 2018 þar sem teknir voru inn 50 nemendur í starfsnám, 24 konur og 26 karlar.

Tveir samstarfsfundir voru haldnir með starfsfólki lögreglufræðanámsins hjá Háskólanum á Akureyri á árinu, annar í Reykjavík og hinn á Akureyri. Markmið fundanna var að samþætta akademískt nám háskólans við verklegt nám sem er á vegum MSL.

Í október heimsóttu fulltrúar MSL ásamt fulltrúum lögreglufræða við háskólann á Akureyri finnska lögregluháskólann í Tampere. Heimsóknin var hluti af alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í háskólanum. Fulltrúarnir kynntu námið á Íslandi auk þess sem þeir kynntu sér þróun námsskrár BA náms í lögreglufræðum í Finnlandi og þeirra 13 landa sem áttu fulltrúa á ráðstefnunni. Var þessi heimsókn liður í að þróa lögreglufræðinámið og finna leiðir til að samþætta betur akademískt nám og verklega þjálfun.

Sí- og sérmenntun

Á árinu stóð MSL fyrir nokkrum ráðstefnum, hélt fjölda námskeiða og bauð upp á lengra nám á sviði rannsókna sakamála og stjórnunar lögreglurannsóknna. Alls voru 44 viðburðir á árinu sem skipta má í sérhæfð námskeið, lengra nám, ráðstefnur og málþing auk aðgerðabjálfunar sem var framkvæmd af sérsveit ríkislögreglustjóra. Alls voru 1.343 þátttakendur á þessum viðburðum en tímalengd hvers viðburðar gat staðið frá hálfum degi að hálfu ári. Á mynd 8 má sjá skiptingu þátttakenda eftir tegund viðburða.



Mynd 8. Fjöldi þátttakenda eftir tegund viðburðar á árinu 2018.

Aðkoma erlendra sérfræðinga að þjálfun

MSL fékk nokkra erlenda sérfræðinga hingað til lands. Dr. Fiona Gabbert, prófessor við Goldsmiths háskóla í London, sem hefur þróað upplýsinga-öflunaraðferð á vettvangi (e. *structured interview protocol*) í samstarfi við lögregluna í Manchester hélt erindi. Þá hélt breski skýrslutökusérfræðingurinn Phil Morris námskeið í skýrslutökum af fólki í viðkvæmri stöðu. Í apríl hélt Ole Vidar Øiseth, lögreglumaður og sérfræðingur á sviði fíkniefna hjá norska lögregluháskólanum í Osló, námskeið um einkenni og teikn fíkniefna.

Í júní stóð MSL fyrir námskeiði til að þjálfra þjálfara í forgangsakstri (AMF) í samstarfi við norska lögregluháskólann. Námskeiðið var umfangsmikið, stóð í tvær vikur og komu sex norskir þjálfarar hingað til lands til að annast þjálfunina. Alls luku 12 nýir þjálfarar námskeiðinu en sex reyndir þjálfarar luku endurmenntun á sama námskeiði.

Í október stóð MSL öðru sinni fyrir gagnreyndri (e. *evidence based*) þjálfun í streitustjórnun í lögregluaðgerðum sem nefnist iPREP. Teymi kanadískra sérfræðinga kom hingað til lands til að þjálfra þjálfara lögreglu í aðferðafræði iPREP auk þess sem núverandi þjálfurum var einnig boðið upp á síþjálfun. Aðferðin felur í sér þjálfun í streitustjórnun þar sem notast er við lífeðlisfræðilega endurgjöf og er þjálfuninni síðan beitt við raunhæfar æfingar til að yfirfærsla náist. Alls sóttu 24 lögreglumenn námskeiðið sem stóð í þrjá daga.

Evrópski lögregluskólinn - CEPOL

Evrópski lögregluskólinn (e. *European Police College*) er miðlægt menntasetur fyrir starfsfólk lögreglu í löndum Evrópusambandsins. MSL gerði í árslok 2016 samning við CEPOL sem gerir starfsfólki lögreglunnar á Íslandi kleift að sækja sér námskeið og fræðslu hjá CEPOL. Námskeiðin eru bæði vefnámskeið og staðnámskeið sem haldin eru víðsvegar um Evrópu. Undanfarin ár hefur CEPOL lagt mikla áherslu á vefnámskeið þar sem starfsfólk lögreglu getur tekið þátt í fjölbreyttu framboði námskeiða á sinni starfsstöð. Þetta fyrirkomulag hentar einkar vel og eykur aðgengi lögreglunnar að sérhæfðri fræðslu á vegum CEPOL. Á árinu nýttu 29 starfsmenn lögreglu sér vefnámskeið CEPOL en hinsvegar sótti aðeins einn starfsmaður lögreglu staðbundið námskeið CEPOL, samanborið við 11 árið áður. Þátttakendur eða vinnustaðir þeirra greiða fyrir ferðir og uppihald þátttakenda en engin námskeiðsgjöld eru innheimt af CEPOL. Allar upplýsingar og námsframboð CEPOL er nú aðgengilegt á vefsíðu MSL. Tengiliðir aðildarlanda CEPOL funda tvisvar á ári í Búdapest þar sem höfuðstöðvar CEPOL eru staðsettar og sótti fulltrúi MSL þá fundi í apríl og október.

NORDCOP samstarfið

MSL er, ásamt Háskólanum á Akureyri, samstarfsaðili við lögregluskólana á Norðurlöndunum undir formerkjum NORDCOP. Samstarfið hefur staðið um langan tíma undir formerkjum samstarfs ríkislögreglustjóra Norðurlandanna. Samstarfið er fjármagnað af ríkislögreglustjórunum en hefur einnig verið

styrkt af NORDPLUS. Samstarfið miðar að því að efla grunnám til starfsréttinda í lögreglustarfi með því að þróa sameiginlega námsþætti og námsefni, s.s. á sviði tölvubrota, aksturs með forgangi og aðgerðaðþjálfunar. Þá hafa árleg nemendaskipti verið mikilvægur þáttur í samstarfinu en fram að þessu hafði Ísland aðeins tekið á móti erlendum nemendum en ekki sent nemendur út. Það breyttist á árinu þegar tveir nemendur sóttu tveggja vikna námskeið í valdbeitingu hjá finnska lögregluháskólanum. Á móti komu lögreglunemar frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku í starfsheimsókn til Íslands. Dvöldust nemarnir hér á landi í þrjár vikur þar sem þeir heimsóttu mörg lögregluembætti og kynntust starfsemi lögreglunnar á Íslandi.

Skólastjórafundur Norðurlandanna

Hinn árlegi fundur skólastjóra lögreglunáms á norðurlöndum var haldinn á Íslandi 7.-8. maí. MSL og Háskólinn á Akureyri stóð sameiginlega að fundinum sem var haldinn í húsnæði MSL en hafði verið árið áður á Akureyri. Meðal umræðuefna var þróun náms á Norðurlöndunum, nemendaskipti, vísindarannsóknir og sameiginleg þróunarverkefni, svo sem tölvubrot og aðgerðaðþjálfun lögreglu.

Heimsóknir og kynningar

Með nýju fyrirkomulagi lögreglumenntunar og umgjörð símenntunar fyrir starfsfólk lögreglu hefur verið mikil eftirspurn og þörf á að kynna starfsemi MSL. Margir hafa komið til að kynna sér starfsemina og einnig hafa fulltrúar MSL farið í stofnanir og kynnt hlutverk þess.

Á vordögum var MSL með kynningarbás á Opna háskóladeginum í Háskóla Íslands ásamt Háskólanum á Akureyri þar sem fjölmargir lögðu leið sína til að fræðast um hið nýja nám í lögreglufræðum. Þá var MSL ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu einnig með kynningarbás á Framadögum sem haldnir voru í Háskólanum í Reykjavík þar sem starfsnám lögreglu var kynnt.

Um vorið fékk MSL heimsókn frá fjórum þýskum meistaranemum við lögregluháskólann í Bavaria. Heimsókn nemanna stóð yfir í tvær vikur og fengu þeir kynningu á embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurlandi auk Landhelgisgæslunnar. Um haustið var skipulögð samskonar tveggja vikna heimsókn fyrir fjóra þýska lögreglunema frá lögregluháskólanum í Brandenburg í Þýskalandi sem kynntu sér starfsemi lögreglunnar og MSL.

Rannsóknir og þróun

Embætti ríkislögreglustjóra fylgist með og birtir tölur um afbrot á landsvísu. Tveir meginmælikvarðar eru notaðir. Annars vegar ýmsar greiningar byggðar á gögnum úr málaskrárkerfi lögreglu (LÖKE). Hins vegar niðurstöður árlegrar könnunar sem lögð er fyrir almenning, í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, þar sem spurt er um reynslu af afbrotum, í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu, viðhorf til lögreglu og öryggistilfinningu.

Afbrotatölfræði

Í ágúst var skýrslan Afbrotatölfræði 2017 gefin út og birt á vef lögreglunnar. Þar eru teknar saman staðfestar tölur um afbrot sem skráð voru í málaskrárkerfi lögreglu árið 2017. Í byrjun árs höfðu áður verið birtar bráða-birgðatölur um afbrot 2017. Í báðum skýrslum er birt greining eftir helstu brotaflokkum eftir lögregluembættum og upplýsingar um magn fíkniefna sem haldlagt var af lögreglu og tollgæslu. Í töflu 8 má sjá fjölda brota í helstu brotaflokkum árið 2018.

Tafla 8. Fjöldi brota árið 2018 miðað við meðaltal áranna á undan, eftir helstu brotaflokkum.


Brotaflokkur	Meðaltal 2015-2017	2018	Hlutfallsleg breyting	Fráv.hlutfall* >8%<
Auðgunarbrot	5.691	5.481	-4%	-
Áfengislagabrot	683	828	21%	↑
Brot g. friðhelgi einkalífs	870	901	4%	-
Eignaspjöll	1.785	1.900	6%	-
Fíkniefnabrot	1.990	2.240	13%	↑
Kynferðisbrot	472	551	17%	↑
Nytjastuldur	402	407	1%	-
Ofbeldisbrot	1.621	1.757	8%	↑
Skjala- og peningafals	262	373	42%	↑
*Frávikshlutfall: aukning/fækkun innan 8% = -, aukning umfram 8% = ↑, fækkun umfram 8% = ↓				

Könnun um viðhorf til lögreglu og reynslu íbúa

Um miðjan maí var könnunin „Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu“ lögð fyrir 5.200 manna úrtak landsmanna 18 ára og eldri. Könnunin var netkönnun. Félagsvísindastofnun lagði könnunina fyrir og tók einnig saman niðurstöður um viðhorf almennings til lögreglu og hvernig almenningur mat þjónustu/aðstoð lögreglu. Skýrslan var birt í nóvember á sama formi og undanfarin ár og voru svör greind eftir lögregluumdæmunum

níu. Í niðurstöðum kom m.a. fram að 87% landsmanna eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar.

Þá tók deild rannsókna og þróunar saman niðurstöður úr þeim hluta könnunarinnar er sneri að reynslu landsmanna af afbrotum og öryggis-tilfinningu íbúa sem birtar voru í desember. Þar kom m.a. fram að 33% landsmanna höfðu samband við lögreglu til að fá þjónustu eða aðstoð á árinu 2017. Í sömu könnun er spurt út í eigin reynslu landsmanna af afbrotum og höfðu 26% orðið fyrir a.m.k. einu broti sem spurt var um (eignaspjöllum, þjófnaði, innbroti, ofbeldisbroti og/eða kynferðisbroti)².



Mynd 9. Mat landsmanna á trausti til lögreglu árið 2018. Sp. „Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“.

Ýmis verkefni

Önnur verkefni rannsókna og þróunar fela í sér vinnu við verklagsreglur, þróunarvinnu við að uppfæra skráningu í lögreglukerfið (LÖKE) og að svara fyrirspurnum sem berast frá ráðuneytum, Alþingi, fjölmiðlum og almenningi sem geta snúið að fjölda brota, ferlum mála og upplýsingum um grunaða/kærða. Þá fór fram vinna við þróun mælaborðs fyrir lögreglu. Tilgangur þess er að gera ýmsar upplýsingar úr störfum lögreglu aðgengilegri stjórnendum og starfsmönnum lögreglu á myndrænan hátt.

Starfsmenn rannsókna og þróunar hafa tekið þátt í nokkrum starfshópum. Þar má nefna stýrihóp á vegum Jafnréttisstofu sem ber heitið Rjúfum þögnina (*e. Break the Silence End the Violence against Women*). Helsta hlutverk þessa verkefnis er m.a. að auka þekkingu á heimilisofbeldi meðal almennings en einnig innan stofnanna og meðal sérfræðinga. Verkefnastjóri úr deildinni á sæti í stýrihópi SAFT, þar sem hlutverk embættisins er að tryggja aðkomu lögreglu að vinnslu tilkynninga sem berast í gegnum Ábendingalínuna. Ábendingalínan er tilkynningalína á netinu fyrir ólöglegt og óviðeigandi efni tengt börnum og er rekin í samstarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi,

² Finna má skýrslurnar á <https://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/reynsla-almennings-af-afbrotum-og-vidhorf-til-logreglu/>

ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hnappinn má finna víða á netinu, meðal annars á www.logreglan.is.

Starfsmenn lögreglu

Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna

Í nóvember sátu 26 starfsmenn lögreglu ráðstefnu um streitu og kulnun hjá viðbragðsaðilum í neyðarþjónustu sem haldin var af Heilsuvernd og Sálfræðingum Lynghálasi.

Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi félagastuðnings og ber að tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna. Tíu lögreglumenn sátu námskeið í félagastuðningi dagana 17. og 18. maí á Akureyri.

Stuðningur fagfólks er einnig mikilvægur fyrir félagastuðningskerfi lögreglunnar og voru a.m.k. 169 starfsmenn lögreglunnar sem sóttu sálfræðiþjónustu á árinu. Alls greiddi embætti ríkislögreglustjóra rúmlega 11 milljónir í sálfræðikostnað.

Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum viðtölunum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilit að velja sér löggildan sérfræðing til að sækja viðtöl hjá. Tilvísanakerfi félagastuðningsins er í umsjón verkefnastjóra MSL.

Jafnréttismál lögreglunnar

Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar starfar á landsvísu og fer með umsjón jafnréttismála.

Í janúar var jafnréttisfulltrúi lögreglunnar með kynningu um jafnréttismál lögreglunnar fyrir nema í lögreglufræðum við HA sem voru að hefja starfsnám.

Í apríl var haldinn fundur jafnréttisnefndar þar sem lagður var grunnur að vinnu sem leiddi til nýrrar jafnréttis- og framkvæmdaáætlunar lögreglu fyrir árin 2019-2022. Jafnréttis- og framkvæmdaáætlunin var send á alla lögreglustjóra og héraðssaksóknara til umsagnar. Ríkislögreglustjóri undirritaði áætlunina í desember.

Í septembermánuði skipaði ríkislögreglustjóri Kristbjörgu Fjólu Hrólfsdóttur sem jafnréttisfulltrúa lögreglunnar til næstu þriggja ára en hún tók við verkefninu af Katrínu S. D. Ólafsdóttur.


Í desember var haldinn árlegur fundur jafnréttisnefndar lögreglu og jafnréttisfulltrúa lögregluembættanna. Á fundinum hélt Kristín Hjálmarsdóttir, sjálfstætt starfandi kynjafræðingur og jafnréttisráðgjafi, kynningu á verkefninu „Áskoranir og hindranir í jafnréttisstarfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu“ en skýrslur rannsóknarinnar voru birtar í febrúar. Fulltrúar

frá fagráði ríkislögreglustjóra sóttu einnig fundinn og kynntu fagráð ríkislögreglustjóra. Niðurstaða fundarins var meðal annars að auka þurfi sýnileika fagráðsins og að kynna þurfi fagráðið reglulega innan embættanna.


Á árinu barst fagráðinu eitt erindi sem var fyrirspurn frá embætti. Fagráðið lagði í mikla vinnu við að auka sýnileika og undirbúa gerð vefsíðu.

Fjöldi skráðra atvika/óhappa/slysa starfmannna lögreglu

Upplýsingar úr atvikaskrá lögreglunnar³, þar sem tilkynnt slys, óhapp eða atvik sem gerist í starfi eru skráð, sýna að fjöldi skráðra atvika árinu var 144 talsins. Sjá mynd 10⁴. Flest atvik voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgar-svæðinu. Þegar flokkun áverka⁵ er skoðuð má sjá að flestir áverkar voru flokkaðir undir „Annað“ og „Enginn áverki valinn“ eða 91 atvik, þar næst undir „Tognun/liðhlaup“ eða 33. Orsök áverka⁶ má flesta rekja til „Högg“ (52) en mikið flokkast síðan undir „Annað“ (22). Sjá mynd 11.



Mynd 10. Fjöldi atvika eftir flokkun áverka eftir tegund árið 2018.



³ Embætti héraðssaksóknara notast ekki við slysa- og atvikaskrá lögreglunnar.

⁴ Meðfylgjandi tölur eru birtar með þeim fyrirvara að hugsanlega eru ekki öll tilkynnt slys skráð í atvikaskrá lögreglunnar.

⁵ Undir flokkun áverka er hægt að velja fleiri en einn valmöguleika.

⁶ Undir orsök áverka er hægt að velja fleiri en einn valmöguleika.

Mynd 11. Fjöldi atvika eftir orsök áverka árið 2018.

Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf



Mynd 12. Þátttakendur í námsferð embættisins til höfuðstöðva alþjóðalögreglunnar Interpol.

1. **Námsferð til höfuðstöðva Interpol.** Í september fóru starfsmenn ríkislögreglustjóra til höfuðstöðva Interpol í Frakklandi þar sem boðið var upp á fyrirlestra og kynningar á starfseminni.
2. **Fundur yfirþjálfara sérsveita á Norðurlöndunum.** Árlegur fundur þar sem yfirþjálfarar sérsveitanna fara yfir æfingaáætlanir og samstarf sérsveitanna á sviði þjálfunar. Yfirþjálfari sérsveitar ríkislögreglustjóra sótti fundinn í Noregi í janúar.
3. **Allsherjafundur FATF.** Fundur alþjóðlegs framkvæmdahóps um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverk, í Frakklandi í febrúar. Fundinn sátu fjórir fulltrúar frá embætti ríkislögreglustjóra.
4. **Ráðstefna um sérhæfðan búnað sérsveita og lögreglu.** Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu ráðstefnuna í Þýskalandi í febrúar.
5. **Árlegur fundur yfirmanna sérsveita á Norðurlöndum.** Vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu fundinn í Finnlandi í mars.
6. **Árlegur fundur yfirmanna tölvudeilda lögreglu á Norðurlöndunum.** Upplýsingatæknideild ríkislögreglustjóra stóð fyrir fundinum í maí. Fundinn sóttu alls 12 manns frá Norðurlandabjórðunum þar sem þær kynntu fyrir hverri annarri verkefni liðins árs, fyrirhuguð verkefni og hvernig áætlað væri að leysa úr þeim auk þess sem leitað var leiða til að efla samvinnu við úrlausn krafna lögreglu um aukna tæknivæðingu.

7. **Fundir vegna Schengen samstarfsins.** Tölvudeild ríkislögreglustjóra sótti alls 13 fundir vegna Schengen-samstarfsins. Til viðbótar voru sóttir sjö vinnufundir vegna undirbúnings og uppgjörs öryggisæfingarinnar.
8. **Ráðstefna vegna upplýsingatæknimála lögreglu í Englandi.**
9. **Kynning á fjarvinnslulausnum.** Starfsmenn tölvudeildar fóru í námsferð til lögreglunnar í Manchester til að kynna fjarvinnslulausnum þar.
10. **Námskeið fyrir umsjónarmann sprengjuleitarhunds.** Umsjónarmaður sprengjuleitarhunds sótti námskeið um sprengjuleit í mannfjölda sem haldið var í Svíþjóð í janúar og námskeið um þjálfun sprengjuleitarhunda sem haldið var í Noregi í apríl.
11. **Námskeið í samningatækni/fortölum í norska lögregluháskólanum.** Námskeið í Noregi í maí og september. Tveir fulltrúar í fortöluhóp sársveitar sóttu námskeiðið.
12. **Samnorrænt námskeið fyrir stjórnendur í sársveitum.** Námskeið í Danmörku. Fjórir fulltrúar sársveitar sóttu námskeiðið sem haldið var í þremur lotum yfir árið.
13. **Námskeið í öryggisleit.** Námskeið í Bandaríkjunum. Tveir fulltrúar frá sársveit og einn frá greiningardeild sóttu námskeiðið.
14. **Samnorrænir fundir um samstarf almennrar lögreglu á Norðurlöndunum (NOFOPS).** Sóttir voru fimm fundir þar sem fjallað var um samvinnu almennrar löggæslu á sviði áætlanagerðar, tækjabúnaðar lögreglu og fl. NOFOPS er samráðsvettvangur yfirmanna ríkislögreglustjóraembætta á Norðurlöndum en þar er fjallað um ýmis mál tengd samstarfi lögregluliða.
15. **Námskeið um bráðameðferð slasaðra og aðferðarfræði í skyndihjálpi á vettvangi þar sem hryðjuverk/fjöldamorð hafa verið framin.** Tveir fulltrúar úr sársveit sóttu námskeiðið í Þýskalandi í mars.
16. **Fundur með framleiðendum skotvesta/varnarvesta vegna endurnýjunar á búnaði hjá lögregluliðum á Íslandi.** Einn fulltrúi frá sársveit sótti fundinn á Englandi í apríl.
17. **Fundur yfirmanna lögreglu í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna.** Haldinn í júní í Bandaríkjunum. Sendinefndir ríkislögreglustjóra Norðurlandanna áttu einnig fund með Luis Carrilho yfirmanni lögreglumála hjá Sameinuðu þjóðunum til að ræða samstarf og áherslur landanna.
18. **Námskeið og fundir á vegum ATLAS - samstarfsins.** Samstarf sársveita í Evrópu. Alls voru sótt 9 námskeið/fundir á vegum ATLAS.
19. **CEPOL - ATLAS í Lúxemborg.** Ráðstefna og þjálfun varðandi skipulag aðgerða sársveita innan ATLAS. Einn fulltrúi sársveitar sótti ráðstefnuna og þjálfunina í júní.
20. **Námskeið í fortölum.** Haldið í Belgíu í september. Námskeið á vegum alþjóðasamtaka fortöluhópa (Crisis Negotiation) lögreglu. Tveir fulltrúar fortöluhóps sársveitar sóttu námskeiðið.
21. **Námskeið fyrir sprengjusérfræðinga.** Tveir sprengjusérfræðingar sársveitar sóttu tvö námskeið til lögregluháskólans í Kanada. Annað námskeiðið var endurmenntunarnámskeið fyrir sprengjusérfræðinga og hitt námskeiðið var réttindanámskeið fyrir leiðbeinendur vegna þjálfunar sársveitarmanna við beitingu sprengiefnis við lögregluaðgerðir.

22. **Námskeið um MC-klúbba í Evrópu.** Námskeiðið fór fram í Þýskalandi og fjallaði um starfsemi mótörhjóla klúbba og nálgun lögreglu vegna afskipta af starfsemi slíkra klúbba. Einn fulltrúi frá sérsveit og einn fulltrúi frá greiningardeild sóttu námskeiðið.
23. **Námskeið um mannfjöldastjórnun** Námskeið í Englandi í september haldið af bresku lögreglunni. Þrír fulltrúar frá sérsveit sóttu námskeiðið.
24. **Réttindanámskeið um viðhald og viðgerðir á MP5 skotvopnum.** Námskeið í Þýskalandi í ágúst. Þrír fulltrúar frá sérsveit sóttu námskeiðið.
25. **Norrænn fundur um umferðaröryggismál (SANT).** Haldinn í Reykjavík í ágúst. Árlegur fundur fulltrúa ríkislögreglustjóraembættis Norðurlandanna um umferðaröryggismál.
26. **Árlegur fundur ríkislögreglustjóra Norðurlandanna.** Haldinn á Siglufirði í ágúst.
27. **Nordic Sniper Workshoop.** Sameiginleg námskeið riffilskyttna sérsveita á Norðurlöndunum. Fjórir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeið sem haldin voru í Noregi í janúar og í Danmörku í september.
28. **NEFRA og Nordic Risk Forum 2018.** Northern European Forum for Risk Assessment (NEFRA) hélt árlega tveggja daga málstofu í lok september í Helsinki í Finnlandi. Í framhaldi af málstofunni var haldinn hálf dags fundur í nefnd á vegum almannavarnastofnana Norðurlandanna sem fjallar um áhættugreiningu vegna atburða sem ná yfir landamæri.
29. **Fundur yfirmanna sprengjusveita lögreglu á Norðurlöndunum.** Yfirmenn sprengjusveita lögreglu á Norðurlöndunum funda árlega þar sem farið er yfir samvinnu vegna þjálfunar og aðferða við sprengjueyðingu. Einn fulltrúi frá sérsveit sótti fundinn sem haldinn var í Danmörku í september.
30. **ATLAS Common Challenge.** Sameiginleg æfing 38 sérsveita sem tilheyra ATLAS. Hluti æfingarinnar fór fram hér á landi í október og hluti æfingarinnar fór fram á Norður-Írlandi.
31. **NordRed fundir/ráðstefna.** Fulltrúi almannavarnadeildar sótti fundinn sem fram fór í Danmörku.
32. **Fundir í almannavarnasamstarfi Evrópu og EFTA.** Haldinn í Belgíu og sóttir af tveimur fulltrúum almannavarnadeildar.
33. **Fundur yfirmanna í almannavörnum á Norðurlöndum.** Árlegur fundur yfirmanna í almannavörnum á Norðurlöndum var sóttur í október í Stokkhólmi. Fyrir fundinn var haldið fjölmennt seminar „Nordiskt seminarium om samhällsskydd och beredskap“ þar sem fulltrúar allra Norðurlandanna tóku þátt og var fjallað um helstu áskoranir í almannavörnum á Norðurlöndunum.
34. **Fundur almannavarna Evrópu í þjálfunarmálum.** Haldinn í Austurríki og sóttur af fulltrúa almannavarnadeildar.
35. **CECIS-þjálfun fulltrúa almannavarnardeildar.** Haldinn í Belgíu.
36. **Norræna björgunarráðstefnan.** Haldinn í Danmörku. Fundinn sótti fulltrúi almannavarnadeildar.
37. **Horizon 2020 Centre of Excellence in Supercomputing and Solid Earth.** Fundurinn var ræsifundur vegna Horizon 2020 Centre of Excellence in Supercomputing and Solid Earth (ChEESE). Fundurinn var haldinn á Spáni og var sóttur af fulltrúa almannavarnadeildar.

38. **Community of Users on secure, safe and resilient societies.** Fundur haldinn í Belgíu og sóttur af fulltrúa almannavarnadeildar.
39. **Námskeið til undirbúnings þátttakenda til starfa á hamfarasvæðum.** Fundur haldinn á Grikklandi. Ísland tekur þátt í að leiða námskeiðin.
40. **Fundur ríkislögreglustjóraembætta Norðurlandanna um tölfræði um afbrot (Nordic analysis workshop).** Fundurinn fór fram í Kaupmannahöfn í október og sóttu fulltrúar rannsókna og þróunar fundinn.
41. **Europol HENU Meetings.** Samráðsfundir stjórnenda landsskrifstofa Europol samstarfsins.
42. **SIS/VIS Committe Meetings.** Samráðsfundir starfsmanna SIRENE skrifstofa, Schengen-samstarfsins.
43. **NFIP/UFA Meeting & NFIP EU UEFA Conference.** Samráðsfundir landstengiliða knattspyrnuviðburða.
44. **PTN Deployment Group.** Samráðsfundir tengifulltrúa sambandsmanna PTN-samstarfsins (Politi og Toll i Norden).
45. **European Regional Conference.** Samráðsfundur landsskrifstofa og stjórnenda Interpol í Evrópu.
46. **Heads of SIRENE Meetings.** Samráðsfundir stjórnenda SIRENE skrifstofa, Schengen-samstarfsins.
47. **Interpol General Assembly.** Heimsþing aðildarlanda Interpol.
48. **Interpol Global Contact Officers Meeting.** Samráðsfundur allra tengifulltrúa Interpol.
49. **Europol Product Management Forum.** Samráðsfundir tengiliða sem umsýsla kerfi Europol.
50. **Ráðstefna á vegum Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands og NORDRESS:** Almannavarnadeild sótti ráðstefnuna. Á ráðstefnunni var fjallað um aukna vöktun og viðbúnað hér á landi vegna skriðufalla og voru sérfræðingar frá Noregi, Íslandi og Alþjóðlöndunum með erindi.
51. **Ráðstefna um fjarskiptamál í Berlín:** Tveir starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar (FMR) sóttu ráðstefnu þar sem kynnt var allt það nýjasta í notendabúnaði fjarskipta.

